

Áfram Árneshreppur!

Ársskýrsla fyrir árið 2018

Unnið var að verkefninu Áfram Árneshreppur! sem er undir hatti Brothættra byggða í samstarfi við Byggðastofnun. Í lok árs 2017 var haldinn íbúafundur þar sem sett voru fram markmið í fjórum flokkum, fyrstu skref ákveðin og ábyrgðaraðilar skilgreindir.

Deilur um Hvalárvirkjun urðu háværar, einkum í kringum sveitarstjórnarkosningar vorið 2018, enda litu margir svo á að þar væri einkum verið að kjósa um hvort veita ætti leyfi til virkjanaframkvæmda eður ei. Þessar deilur urðu býsna hatrammar og voru um hríð fyrsta frétt í hverjum fréttatíma. Segja má að þessar deilur hafi gert það að verkum að ekki var vinnufriður til að vinna að þeim margvíslegu og góðu málum sem sett voru fram í markmiðasetningu íbúafundarins frá því árið áður. Það var í raun ekki fyrr en hausta tók að versluninni í Árneshreppi var lokað og rekstraraðilar hennar fluttust í burtu sem skapaðist nokkur ró og sátt til að halda vinnunni áfram.

Sótt var um styrk til að endurreisa verslunina og hefur nú, þegar þetta er skrifað, verið stofnað Verzlunarfjelag Árneshrepps ehf, en hluthafar eru 138, margir hverjir brottfluttir íbúar. Verzlun hefur verið opnuð.

Í nóvember 2018 var haldinn annar íbúafundur þar sem farið var yfir framvindu mála og skerpt á markmiðasetningu. Sá fundur var mjög gagnlegur og ríkti bjartsýni.

Styrkveitingar

Verkefnið Áfram Árneshreppur veitti átta styrki á árinu 2018 og hafa sex þeirra komist til framkvæmda. Heildarupphæð styrkja var 7 milljónir króna.

Þessi verkefni voru styrkt og hafa komið til framkvæmda:

Verslun, styrkur til tækjakaupa, hlaut styrkvilyrði upp á 1.500.000 kr. Styrkurinn var veittur með því skilyrði að 1.100.000 kr af styrkuppheðinni yrðu bundin við tækjakaup og skyldu tækin verða eign Árneshrepps. Keypt hafa verið tæki fyrir 550.000 kr. eða helming þeirrar upphæðar. 400.000 kr voru greidd út vegna hönnunar og vinnu við uppsetningu tækja. Þegar rekstraraðilar hættu rekstri ákvað verkefnisstjórn að afgangurinn af styrknum, 550.000 kr. skyldu áfram tilheyra verslunarrekstri í Norðurfirði þó svo nýir rekstraraðilar tækju við. Lokaskýrslu var skilað og alls hafa 950.000 kr af 1.500.000 kr. verið greidd út.

Á árinu 2019 hefur verið stofnað Verzlunarfjelag Árneshrepps og rekstur hafinn á ný og má reikna með því að afgangur styrksins nýtist í framhaldinu.

Aðstandendur verkefnisins *Kjötvinnsla í Norðurfirði*, sem hlaut 1.100.000 kr styrkvilyrði, sóttu um frestun og stefna á að verkefnið komist til framkvæmda á vordögum 2020.

Styrkvilyrði til verkefnisins *Skútulægi í Norðurfirði* var fellt niður eftir ítrekaðar bréfaskriftir og óskir um greinargerð vegna verkefnisins. Styrkuppheðinni, 1.000.000 kr. var bætt við úthlutun ársins 2019.


Þjóðmenningarskóli í Árneshreppi hlaut 800.000 kr. styrkvilyrði. Sótt var um styrk til kaupa á mongólsku hirðingjatjaldi frá Kandada. Í því er meiningin að vera með námskeiðahald tengt þjóðmenningu. Þar sem styrkurinn fer allur í kaup á einum hlut var samþykkt að greiða hann út í einu lagi og hefur tjaldið verið keypt, reikningum verið framvísað og lokaskýrslu skilað.

Í nýju ljósi, lýsing á minjasýningu í Djúpavík hlaut styrkvilyrði upp á 1.500.000 kr. Styrkurinn nýttist til kaupa á ljósabúnaði til að efla sýningu um sögu síldarverksmiðjunnar í Djúpavík. Lokaskýrslu hefur verið skilað og styrkurinn hefur verið greiddur út að fullu. Verkefnið þykir hafa tekist mjög vel og áhrifamáttur sýningarinnar stóraukist.


Skóli, námskeiðahald í Finnbogastaðaskóla hlaut styrkvilyrði upp á 700.00 kr. Sótt var um styrk til að reyna að viðhalda lífi í Finnbogastaðaskóla í Trékyllisvík eftir að reglulegt skólalagd lagðist af þegar eina barnið á skólaaldri fluttist úr Árneshreppi. Skipulögð voru námskeið, m.a. tengd smalamennsku og daglegu lífi til sveita. Námskeiðin þóttu takast ágætlega þó aðsókn væri ekki mikil. Lokaskýrslu var skilað og styrkurinn hefur verið greiddur út að fullu.

Afþreyingartengd ferðaþjónusta í Djúpavík hlaut 700.000 kr styrk til að þróa, eins og nafnið ber með sér, afþreyingartengda ferðaþjónustu. Verkefninu þótti heppnast ágætlega, lokaskýrslu hefur verið skilað og styrkurinn greiddur að fullu.

Norður-Strandir Super Jeep Tours er jeppaferðaþjónusta sem hlaut styrkvilyrði upp á 500.000 kr. Fyrri hluti styrkjar hefur verið greiddur út. Lokaskýrslu hefur verið skilað, en kallað var eftir sundurliðun á eigin vinnuframlagi sem hefur ekki borist. Síðari hluti styrkjarins hefur því ekki verið greiddur út. Skilyrði fyrir styrkveitingu var að öll tilskilin leyfi lægju fyrir. Leyfi ferðaskipuleggjenda dagsferða frá Ferðamálastofu barst í apríl 2019. Verkefnið var unnið, þannig að farið var í einhverjar ferðir frá Norðurfirði, en aðstandendur fluttu á brott snemma hausts 2018 og hafa ekki haldið uppi ferðum eftir það.



Hér má sjá myndræna framsetningu á framvindu verkefna. Verkefnið hafa að mestu leyti heppnast vel og verða vonandi öðrum hvatning til að fara af stað með fjölbreytilega verkefni í framtíðinni.



Af sjö milljón króna úthlutunarpotti hafa verið greiddar út 3.750.000 kr. eða um 53%. Af eftirstöðvunum færirst ein milljón yfir á úthlutun næsta árs, 1.100.000 kr. eru vegna verkefnis sem er frestað, 550.000 kr. tilheyrta tækjakaupum fyrir Verzlunarfjélagið og 250.000 kr. bíða frekari gagna vegna Super Jeep Tours.

Greiðsluflæði

Tilhögun greiðslna er þannig að styrkþegar fá, að uppfylltum skilyrðum, greiðslur frá Vestfjarðastofu. Vestfjarðastofa fær samsvarandi greiðslur frá Byggðastofnun eftir því sem viðeigandi gögn berast. Þau geta verið undirritaðir samningar eða lokaskýrslur. Hver styrkgreiðsla er þannig fyrst millifærð frá Byggðastofnun til Vestfjarðastofu og síðan frá Vestfjarðastofu til styrkþega. Að mati Vestfjarðastofu er þetta ekki óskafyrirkomulag. Það er tímafrekt og með því er í raun verið að tvívinna sömu færslur. Einfaldara fyrirkomulag væri annaðhvort að:

- Heildarupphæð styrkja millifærirst frá Byggðastofnun til Vestfjarðastofu í upphafi árs. Vestfjarðastofa greiði síðan út styrki eftir því sem skýrslur og samningar berast.
- Verkefnisstjóri sendi skýrslur og samninga beint til Byggðastofnunar sem greiði þá styrkina beint til styrkþega án milligöngu Vestfjarðastofu.

Markmiðasetning íbúafundar

Á íbúafundi í nóvember 2017 voru sett upp markmið í 32 liðum. Afar misjafnt er hversu hefur miðað í þeim málum, en stöðugt er unnið í því að þoka þeim áfram. Staðan á þeim er metin á íbúafundi árlega og áherslur og aðgerðaáætlanir uppfærðar.

Meginmarkmið 1 Traustur landbúnaður og sjávarútvegur

- Starfsmarkmið 1.1** Þrýst verði á yfirvöld að finna leiðir til þess að styðja við byrjendur í búskap þannig að nýliðun í greininni sé gerð auðveldari, t.d. með skattaávilnunum eða sérstökum aðgerðum fyrir byrjendur. Lokið fyrir árslok 2018.
- Ábyrgð: Verkefnisstjóri.
- Aðgerð A: Hugmyndum íbúa Árneshrepps komið á framfæri við landbúnaðarráðuneytið, LBHÍ og Bændasamtökin.
- Rita bréf til Landbúnaðarráðuneytis, rektors LBHÍ og formanns bændasamtakanna og kalla eftir hugmyndum.
- Gera könnun meðal núverandi bænda og kanna hverjir taka við búskap eða hvort hægt verði að leigja eða kaupa jarðir.

- Stofnmarkmið 1.2 Unnið verði að tillögum um styrkingu sauðfjárræktar í Árneshreppi. Hvernig er hægt að nýta og efla stuðningskerfi landbúnaðarins. Sérþækra svæðisbundinna aðgerða er þörf. Leitað tillagna um aðgerðir hjá sérfræðingum í þessum málaflokki. Lokið fyrir árslok 2019.
Ábyrgð: Verkefnisstjórn, sveitarstjórn
Rýna nýja byggðaaætlun, er eitthvað það sem styður þennan þráð? Í henni er lítið sem snýr að landbúnaði en nokkrir aðrir þættir sem nýtast, t.d. í sambandi við verslun.
- Starfsmarkmið 1.3 Útvega útgerð í Árneshreppi veiðiheimildir út frá sérstöðu sveitarfélagsins. Sérþækra aðgerða er þörf. Fá auknar heimildir svo hægt sé að veiða meira tímabundið meðan fiskflutningar eru mögulegir landleiðina.
Ábyrgð: Útgerðin/vinnslan í samtarfi við verkefnisstjóra.
Aðgerð A: Óskum komið til Byggðastofnunar.
Skoða reynslu af breyttu strandveiðifyrirkomulagi í haust.
Byggðakvóti – eru forsendur? Sveitarstjórn sækir um.
Gætu þeir sem eru í Brothættum byggðum fengið fleiri daga í strandveiði eða tilgreint aflamark pr dag?
Sækja um að byggðarlög í Brothættum byggðum fengju ívilnun, t.d. 1400 kg á dag. Þetta var rætt í Rvk í byrjun nóv 2018 en gekk ekki vel.
- Starfsmarkmið 1.4 Greina umfang strandveiða í Árneshreppi og leita leiða til að auka framlegð þeirra sem þær stunda til samfélagsins. Lokið fyrir árslok 2018.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn, sveitarfélagið og útgerðin.
Taka stöðuna í haust og sést hvernig sumarið kemur út.
Samvinna um fiskflutninga og að taka hlé þegar veðurútlit er slæmt.
Nýtt fyrirkomulag á strandveiðum eru verulega neikvæð.
- Starfsmarkmið 1.5 Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eft. Að minnsta kosti eitt nýsköpunar- og/eða þróunarverkefni tengt atvinnulífi í Árneshreppi verði komið í gang fyrir árslok 2019. Rökstuðningur: *Möguleikar í matvælaframleiðslu. Þróa mætti afurðir úr hreppnum s.s. kjöt, fisk og æðardún sem mætti markaðssetja sérstaklega merkt úr Árneshreppi. Vinna mætti kjöt heima fyrir og selja á veitingastöðum á svæðinu og hafa ákveðið merki. Framleiðendur verði aðstoðaðir við að gera vörur sínar fáanlegar beint frá býli og með rekjanleika.*
Ábyrgð: Vestfjarðastofa og verkefnisstjóri í samvinnu við atvinnulíf í Árneshreppi.
Aðgerð A: Hugmyndafundir með ofangreindum og Matís
Aðgerð B: Ofangreindir ásamt Nýsköpunarmiðstöð halda utan um og aðstoða frumkvöðla
Dúntekja er nokkur, nokkrir bændur hreinsa sjálfir og selja beint, m.a. í Árneshreppi og Ófeigsfirði.
Verið er að stofna fyrirtæki um kjötvinnslu.
Þrýsta þarf á um þriggja fasa rafmagn.
- Starfsmarkmið 1.6 Athugun á möguleikum á hreindýraeldi fyrir árslok 2019. Þau gætu t.d. verið á einu býi og nýtt í ferðapjónustu. Meta hættu á smitsjúkdómum í sauðfé.
Ábyrgð: Vestfjarðastofa og verkefnisstjóri í samvinnu við atvinnulíf í Árneshreppi.
Íbúafundur 14.11.2018 ákveður að geyma þetta í bili.

Meginmarkmið 2 Einstakt menningarlandslag og náttúra

- Starfsmarkmið 2.1 Gerð verði úttekt á því hvernig bæta þurfi innviði fyrir ferðaþjónustuna í Árneshreppi. Skoðaðar verði gönguleiðir og þær stikaðar þar sem það á við, merkingar, salerni, tjaldsvæði og öryggismál m.t.t. aukins fjölda ferðamanna. Unnið verði að bótum í kjölfarið. Lokið fyrir júní 2019.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við ferðaþjónustuaðila í Árneshreppi.
Aðgerð A: Verkefnið skilgreint og samstarfs leitað við ýmsa aðila s.s. Minjastofnun, Vegagerðina, áhugamannasamtök, sérfræðinga og þjóðmenningarbónda í Árneshreppi, FÍ
Aðgerð B: Sótt um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og/eða aðra sjóði.
Koma á fundi ferðaþjónustuaðila og sveitarfél um mánaðamót sept/okt 2018 – frestast til miðjan okt 2018 -
Tengist DMP og landsáætlun – tala við Diónu. Vinna í tengslum við skipulagsnefnd, að umsóknin sé í samræmi við deiliskipulag.
Undirstrika sérstöðu svæðisins.
Það er búið að stika:
Yfir Ingólfsfjarðarbrekkur
Naustvíkurskörð
Þórðarhellir gönguleið þarf að laga, vinnudag. Í landi Litlu-Ávíkur
Djúpavíkurhringurinn
Vantar:
Reykjaneshyrna
Rjúkandi
- Starfsmarkmið 2.2 Hugað verði að merkingu (e. branding) handverks og iðnaðar fyrir lok árs 2018. Matvælaíðnaður, minjagripaframleiðsla og allskyns handverk geti notað sameiginlegt markaðsefni sem byggi á sérstöðu svæðisins.
Ábyrgð: Starfshópur um menningarlandslag, skipaður af verkefnisstjórn.
Aðgerð A: Skilgreina verkefnið og samstarfsaðila.
Varasamt að nota hugtakið branding, túlkað á mism hátt.
Fá þessa hönnun inn sem fyrst í ferlinu.
Ætti kjötvinnslan ekki að vera undir þessu merki?
Kalla eftir hugmyndum íbúa.
Brynja Laxdal, Matarauður Íslands. Hverjir eru sölukanalarnir? Díana og Magnea voru með henni í gær.
Matarhandverk.
Reyna að finna merki sláturhússins á Hólmavík (Drangaskörð)
Hugmyndasamkeppni upp úr áramótum
- Starfsmarkmið 2.3 Þróaðir verði minjagripir sem vísa til sögu Árneshrepps eða eru unnir úr efniviði af staðnum. Gjarnan í samvinnu við ferðaþjónustufyrirtæki sem myndi þá standa straum að þróunarvinnunni a.m.k. fram að framleiðsluferli og hefði þá forkaupsrétt á þeim til endursölu. Lokið fyrir lok árs 2019.
Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjóri, sveitarfélagið og Vestfjarðastofa.
Aðgerð A: Hugmyndavinna með heimamönnum, hugmyndafundir.
Aðgerð B: Hjálp með fjármögnum hugmynda.
Óska eftir hugmyndum frá ungu fólki, rekaviður og margt annað.
Væri hægt að nota ruslið sem kemur úr fjöruplokkinu?
Virkja Kört.
- Starfsmarkmið 2.4 Ferðaþjónusta í Árneshreppi verði eflad og að minnsta kosti eitt nýtt ferðaþjónustutengt fyrirtæki hafi hafið starfsemi í sveitarfélaginu fyrir lok árs 2019. Sérstaklega verði horft til afþreyingarmöguleika, s.s. hestaleigu eða

- gönguferða með leiðsögn.
 Ábyrgð: Frumkvöðlar í ferðaþjónustu og Vestfjarðastofa
 Aðgerð A: Samráð við Markaðsstofu Vestfjarða
 Þegar hafa verið styrkt 3 sprotaverkefni. Má styrkja samstarfið við FÍ og fá þau til að skilja meira eftir í sveitarfélaginu?
 Skúli tali við Harald Örn, Pál og Reyni Trausta
 Jökull Bergmann kom og var með ferð, er að skoða að koma hingað.
- Starfsmarkmið 2.5 Endurgera fuglaskoðunar- og útsýnisstað við Reykjaneshyrnu í samstarfi við minjasafnið Kört. Verki lokið vorið 2020.
 Ábyrgð: Verkefnisstjóri, minjasafnið Kört og sveitarfélagið.
 Aðgerð A: Sækja um styrk til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.
 Aðgerð B: Smíði á fuglaskoðunaraðstöðu
 Skúli talar við Valgeir í Kört. Hvetja hann til að sækja um BB styrk á nýju ári.
 Vinna í samræmi við deiliskipulag.
 Kristján Þ sagði frá tveim húsum við Kópasker. Norsk hönnun.
 Skoða sambærilegt hús í Munaðarnesi, (Gunnsteinn)
 Ingólfsfirði (Björn)
- Starfsmarkmið 2.6 Fundnar verði leiðir til þess að gera fornar minjar og leifar frá búsetu fyrri tíma sýnilegri í umhverfinu og að upplýsingar um þær séu aðgengilegar.
 Spennandi verkefni gæti verið að endurbyggja hákarlaverbúð á Gjögri.
 Frumkönnun lokið fyrir árslok 2019.
 Ábyrgð: Sveitarfélagið og verkefnisstjóri.
 Aðgerð A: Fengið álit Minjastofnunar (Kristín Huld)
 Aðgerð B: Staðir merktir og gerðir sýnilegir.
 Skúli talar við Kristínu Huld.
 Spyrja Kristmund um eignarhald á Gjögri og fá að skoða.
 Gæti þetta átt heima í Framkvæmdasjóði? Þarf að hanna.
- Starfsmarkmið 2.7 Merkingar og aðstaða við höfnina í Norðurfirði verði bætt í því skyni að auka öryggi og bæta vinnusvæði. Lokið fyrir september 2019.
 Ábyrgð: Vegagerðin, sveitarfélagið og verkefnisstjóri.
 Aðgerð A: Kanna eignarhald á landi
 Aðgerð B: Setja helstu atriði sem bæta þarf úr niður á blað og forgangsraða.
 Aðgerð C: Sækja um styrk til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og þrýsta á úrbætur.
 Byrja strax að vinna umsókn í Framkvæmdasjóð.
 Væntanleg verður aukin umferð með skútulæginu.
 Vesturverk vill koma að verkinu
- Starfsmarkmið 2.8 Kannaður verði möguleiki á að leggja hitaveitu úr Krossnesi í Norðurfjörð með notkun til kyndingar og afþreyingar í huga. Lokið fyrir árslok 2019.
 Ábyrgð: Atvinnulíf og íbúar í Norðurfirði í samstarfi við sveitarstjórn hefji viðræður við landeigendur.
 Aðgerð A: Hagsmunaaðilar komi saman og ræði fyrirkomulag og framkvæmd.
 OV var að skoða málin í vor.
 Hver yrði rekstraraðili?
 Helst þarf að vera stærri kaupandi en bara húshitun.
 Ef Vesturverk kemur inn með fjármagn gæti verkefnið orðið rekstrarhæft.
 Skúli tali við Úlfar. Taka upp þráðinn með Sölva Sólbergsson hjá OV?
 Væri hægt að styrkja rekstrargrundvöllinn með fleiri sumarhúsum eða skilvirkari rekstri á sundlauginni, sjóböðum o. fl.?
 Húseigendur á svæðinu ræði málið fyrst sín á milli, kortleggja áhugann.
 Hvað er mikið af vatni og hvað er það heitt?

Starfsmarkmið 2.10

OV er í samstarfi við Stoð á Sauðárkróki til m.a. að skoða þessi mál.
Vill OV styðja við ÁÁH með því að koma að þessu?

Umhverfi gámasvæðis verði bætt og flokkun aukin fyrir maí 2019.
Flokkunarílát og fræðsla um sorpflokkunina verði sýnileg íbúum og gestum fyrir sumar 2018.

Ábyrgð: Sveitarfélagið og verkefnisstjóri.

Aðgerð A: Setja niður á blað helstu úrlausnarefni og óskir um úrbætur.

Aðgerð B: Umhverfi og flokkun á gámasvæði fari á áætlun fyrir sumarið 2018.

Borðleggjandi að vinna samhliða fjöruhreinsunarverkefni 21. júlí 2018

Skúli tala við Einar Indriða, biðja þá að senda aftur flokkunarreglur. Kynna möguleika á heimaflokkun. Sorpsamlagið hirði það sem kemur úr fjörunum.

Gámasvæði við höfnina þyrfti að vera snyrtilegra, þarf að gera betur.

Búið að leggja inn pöntun fyrir flokkunargám fyrir Djúpavík.

Einar segir erfitt að ná til sumarhúsaeigenda.

Sendu flokkunarleiðbeiningar með fasteignagjöldum og biðja fólk að senda netföng sín til sorpsamlag@holmavik.is.

Það þarf að koma beiðni frá Árneshreppi um að setja upp flokkunargám.

Einar stefnir á heimsóknir í alla bæi í Árneshreppi. Ætlar að spjalla við Evu og setja upp járnagám. Einar og Skúli fóru norður í vikunni 21 nóv og heimsóttu íbúa

Skipta út gám í Norðurfirði.

Fleiri flokkunargáma í sveitinni, gám í Djúpavík.

Meginmarkmið 3 Öflugir innviðir

- Starfsmarkmið 3.1 Þrýst verði á framkvæmdavaldið um að koma á hærrí föstum afslætti af fargjöldum með flugi til íbúa með lögheimili í sveitarfélaginu. Hin svokallaða skoska leið verði höfð til hliðsjónar. Kanna samstarfsmöguleika við stéttarfélög. Lokið fyrir lok árs 2019.
Ábyrgð: Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri, sveitarfélagið.
Aðgerð A: Stöðugreining á málaflokknum
Ráðherra hefur gefið það út að kanna eigi hina skosku leið.
Kom fram á samgönguþingi, er í skoðun hjá ráðuneytinu.
Ýta á í umsögn við samgönguáætlun.
Skúli sendi áminningu til ráðuneytisins.
senda fyrirspurn um hvernig gangi.
Eva Pandóra: þetta er í farvegi hjá stjórnvöldum.
- Starfsmarkmið 3.2 Bæta samskipti við Vegagerðina og upplýsingagjöf til íbúa. Fyrir árslok 2018
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn, sveitarstjórn
Aðgerð A: Koma á fundi með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar.
Er hægt að veita upplýsingar um mokstur og færð á vef Vegagerðarinnar?
Óljóst hvaða aðilar innan Vegagerðarinnar fara með þessi mál.
Kata Jak ætlaði að tala við SIJ.
Sigurður Mar á Ísafirði og Ingvi Árnason Borgarnesi.
Láta oddvita vita þegar opnað er yfir Veiðileysuháls.
Vegagerð yfir Veiðileysuháls hefjist á árinu 2018.
Ábyrgð: Vegagerðin, Vestfjarðastofa, sveitarfélagið og verkefnisstjórn.
Aðgerð A: Þrýsta á samgönguráðherra nýrrar ríkisstjórnar (Vestfjarðastofa, verkefnisstjórn)
Aðgerð B: Skapa umfjöllun í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum
Ritað hefur verið bréf til Sigurbergs hjá Samgönguráðuneytinu og þrýst á að Veiðileysuhálsinn verði á nýrri samgönguáætlun sem er í vinnslu. Hann vísar á samráðsgátt. Skúli og Aðalsteinn taka næsta skref.
- Starfsmarkmið 3.4 Breyta reglum um vetrarþjónustu (G-reglu) og auka þjónustu allan veturinn á veginum til og í Árneshreppi. Fyrir lok árs 2018.
Ábyrgð: Vestfjarðastofa, sveitarfélagið, verkefnisstjóri
Aðgerð A: Fundur ofangreindra aðila með samgönguráðuneyti og vegagerð þegar nýr ráðherra kemur til starfa.
Senda erindi á samgöngunefnd FV og biðja um að þessi mál verði tekin á dagskrá.
Senda markmiðsplaggið í heild og undirstrika þessi verkefni sérstaklega.
Árið 2009 var öllum stofnunum ríkisins gert að skera niður um 10%, þám Vegagerðinni. Snjómokstur í Árneshreppi var skorinn niður um 50%. Þetta þarf að leiðrétta.
- Starfsmarkmið 3.5 Hefja umræðu um undirbúning jarðganga úr Reykjarfirði í Árneshreppi. Lokið fyrir árslok 2019.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn og sveitarfélagið.
Óska eftir peningum í frumrannsóknir. Einhverjar rannsóknir nú þegar.
SG og AÓ
- Starfsmarkmið 3.6 Hefja samstarf við Orkustofnun og Orkusetur um nútímalegri og sjálfbærari orkuöflun með smávirkjunum og orkunotkun í Árneshreppi. Samstarfi verði komið á fyrir mitt ár 2018.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn, sveitarstjórn og íbúar Árneshrepps
Aðgerð A: Kortlagning möguleika á smávirkjunum
Aðgerð B: Kortlagning möguleika á bættri orkunýtingu

- María Maack hefur verið að vinna í þessu. Sjá stefnu ríkisstjórnar og byggðaaætlun.
Senda skýrslu SSNV um smávirkjanir til Eve. Eiður Jónsson í Árteigi í Kinn er fróður um smávirkjanir.
- Starfsmarkmið 3.7 Leita nýrra leiða til að halda áfram skólastarfi í Finnbogastaðaskóla. Þróa nýjar leiðir í skólastarfi. Opna skólann fyrir gestanemendum og styttra þemanám. Verði unnið í samræmi við sérstaka skólastefnu Árneshrepps, sem hreppsnefnd samþykkti 2017.
Ábyrgð: Finnbogastaðaskóli og skólanefnd í samstarfi við menntamálaráðuneytið.
Aðgerð A: Koma á samstarfi við aðra skóla og stofnanir. Taka á móti barnahópum og vinna með hugmyndina um opinn skóla og þróunarstarf. Verkefni til að þróa þetta hefur fengið styrk frá Brothættum byggðum. Verður unnið með haustinu.
- Starfsmarkmið 3.8 Tryggð verði betri og jafnari þjónusta læknis og annars heilbrigðisstarfsfólks í Árneshreppi. Lokið fyrir árslok 2018.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við Heilsugæsluna á Hólmavík.
Rætt hefur verið við frkvst Heilsugæslunnar á Hólmavík. Þarf að funda frekar. Læknir kemur einu sinni í mánuði. Hvernig er hægt að tryggja þetta á þeim tíma sem ekki er fært?
Er hægt að koma á samtal stofnunarinnar við íbúa?
- Starfsmarkmið 3.9 Athugað verði hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess að auka aðgang íbúa Árneshrepps að fjarþjónustu á sviði heilsugæslu og félagsþjónustu. Skoðist á hverju hausti í ljósi hraðrar tækniþróunar. Í fyrsta skipti haustið 2018.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri
Kanna hvort Árneshreppur gæti orðið profusveitarfélag í því verkefni sem Heilbrigðisráðuneytið er að fara af stað með. Þar á að nota samskiptaforritið Tröppu. Skoða skýrslu landlæknis frá því í maí.
Badda hefur farið á námskeið, getur saumað sár o.fl.
- Starfsmarkmið 3.10 Þrýsta á um lagningu ljósleiðara
Ábyrgð: Sveitarfélagið, verkefnisstjóri
Aðgerð A: Kanna möguleika á þátttöku í verkefninu Ísland ljóstengt
Aðgerð B: Kanna fjárhagslegan grundvöll lagningu ljósleiðara
Funda með sveitarstjórn um þessi mál.
Jón Gísli sem hefur borið hita og þunga af ljósleiðaravæðingu Strandabyggðar bendir á Ottó Winther hjá Fjarskiptasjóði.
Þórhallur frá Neyðarlínunni vildi fá betri nýtingu á möstrin sem eru nú þegar. Hugsanlega betri sjónvarpsútsending.
Talaði við Ottó Winther verkefnisstjóra Ísland ljóstengt.
Sækja um fyrir okt 2019, verkefninu lýkur 2020, framkvæmdum ljúki 2021.
Hafa á hreinu hversu margir bæir, væntanleg sumarhúsabyggð etc AÓ Sendarnir á Finnbogastaðafjall eru öflugri en ella vegna þess að skipin eru fyrir utan.
Eina raunhæfa leiðin er að fá ljósleiðarann í byggð með þrífösun og sækja um í fjarskiptasjóð til að koma honum síðan inn í húsin. Þetta er kostnaður fyrir sveitarfélagið.
- Starfsmarkmið 3.11 Leitað verði leiða til að renna sterkari stoðum undir verslun í Norðurfirði. Fyrir mitt ár 2018.
Framkvæmd: Rekstraraðili verslunar.
Verslunin hefur fengið styrki til að endurbæta verslunina og kaupa tæki. Tækin eru þó keypt af sveitarfélaginu og verða eign þess. Reksturinn verður útvíkkaður nokkuð, t.d. með sölu skyndibita.

Meginmarkmið 4 Samheldið samfélag

- Starfsmarkmið 4.1 Þegar er unnið að plastpokalausum Árneshreppi í verkefninu plastpokalausir Vestfirðir. Verslun í Norðurfirði er plastpokalaus. Stefnt verði að því að sveitarfélagið og íbúar þess minnki plastnotkun sína enn frekar.
Ábyrgð: Verslunin, íbúar og verkefnastjóri.
Aðgerð A: Unnin áætlun um minnkaða plastnotkun í samræmi við áætlun um umhverfisvottun Vestfjarða
- Starfsmarkmið 4.2 Árlegu átaki íbúa og gesta í hreinsun fjara í Árneshreppi verði hrint í framkvæmd, í fyrsta skipti 21. júlí 2018 .
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn og sveitarstjórn
Aðgerð A: Átak fyrir árið 2018 skipulagt, reynt að ná til brottfluttra og annarra velunnara Árneshrepps.
Arinbjörn ætlar að tala við Munda á Finnbogastöðum og Ingibjörgu Valgeirsd Skúli býr til FB-viðburð sem Kristmundur ætlar að deila á síðu Áttthagafélags Linda og Skúli ætla að mæta með hljóðfæri
Þurfum að bjóða upp á kjötsúpu eða grill handa þeim sem taka þátt.
Tveir slíkir hreinsunardagar fóru fram sumarið 2018, 21. Júlí og 11. Ágúst.
Hreinsað var svæðið frá gámunum við Finnbogastaði og austur fyrir sandoddann fyrri daginn og enn austar seinni daginn. Fyrri daginn mættu 10 manns, þá var boðið upp á kjötsúpu að hreinsun lokinni, en seinni daginn mættu 8 manns, þá var boðið upp á kaffi og kleinur í fjörunni.
- Starfsmarkmið 4.3 Boðið verði upp á fræðslu- eða tómsundanámskeið í Árneshreppi a.m.k. tvisvar á ári í samráði við íbúa. Skoðaðir verði möguleikar á fjarnámskeiðum. Í boði í fyrsta skipti árið 2018.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri og sveitarfélagið í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða.
Aðgerð A: Samstarfi verði komið á við Fræðslumiðstöð
Gera áhugasviðskönnun meðal íbúa.
Hver ber kostnað af námskeiðahaldi, er hægt að niðurgreiða námskeið?
Fyrsta námskeiðið gæti verið fyrsta hjálp, lengri gerðin.
Hugsanlega mætti taka hluta af styrkjafé og setja í þetta.
Námskeið í skyndihjálp, útskurði(fá Valgeir til að kenna), tölvufærni.
Nota Finnbogastaðaskóla. Ræða við konurnar.
- Starfsmarkmið 4.4 Húsnæðisþörf verði metin og lausna leitað í samvinnu við húsnæðiseigendur, sveitarfélagið og ríkið. Lokið fyrir árslok 2018.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri og sveitarstjórn.
Aðgerð A: Meta þörf.
Trillusjómenn hafa fengið inni í sumarbústöðum, t.d. sem Þórólfur á við hliðina á Ferðafélagshúsinu.
Hreppurinn á 5 íbúðir. 3 ónotaðar: Ein fylgir kaffihúsinu. Ein í kaupfélagshúsinu. Skólastjóraíbúðin.
Breyta má efri hæðinni í skólahúsinu í íbúð.
- Starfsmarkmið 4.5 Kanna möguleika á aðkomu gesta/ferðafólks að göngum í samstarfi við bændur.
Lokið í byrjun sumars 2019.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við bændur
Aðgerð A: Kanna möguleika á samstarfi við Ferðafélag Íslands
Nýta fundahöld í tengslum við stofnun kjötvinnslufélagsins „Bjúgnakrækis“ og ferðapjónustufyrirtækja, t.d. hestaleiga. Þetta á einkum við í heimasmölun.
Ath Skólaverkefnið var með Smalaskóla haustið 2018

Hugleiðingar verkefnisstjóra

Fyrirkomulag á útborgun styrkja

Mínir yfirmenn hafa gert athugasemdir við fyrirkomulagið um greiðslur styrkja. Ég er sammála því, þetta er algjör tvíverknaður. Betra væri að þetta væri gert á annan þessara tveggja hátt:

- a) Heildarupphæð styrkja yrði millifærð strax í upphafi árs til Vestfjarðastofu sem sér síðan um útborgun styrkja skv samningum, framvinduskýrslum og lokaskýrslum. Vestfjarðastofa skilar síðan yfirliti í lok árs.
- b) Byggðastofnun greiði styrkina beint til styrkþega þegar samningar hafa borist án aðkomu Vestfjarðastofu.

Staðan

Árneshreppur er orðin afar brothætt byggð. Aðeins um 15 manns búa þar allt árið. Einangrunin er mikil og enn er svokölluð G-regla í gildi sem segir að Vegagerðin skuli ekki moka snjó af veginum úr Bjarnarfirði norður í Árneshrepp frá því um áramót fram yfir 20. mars. Íbúarnir eru orðnir vanir þessu og kippa sér kannski ekki upp við þetta harðræði, en það gefur auga leið að venjulegt fólk hugsar sig tvisvar um áður en það velur að taka sig upp og flytja á svæði sem býr við þessar aðstæður.

Ég tel líklegt að það verði áfram byggð og starfsemi í Árneshreppi á sumrin, enda ýmis tækifæri tengd ferðamennsku, talsverð sumarhúsabyggð og strandveiðisjómenn dvelja þar á meðan þeir geta.

Byggð yfir vetrartímamun að öllum líkindum leggjast af á allra næstu árum. Sauðfjársjúkurnir er kjölfestan í heilsársbyggð og meðalaldur sauðfjársjúkurnir fer hækkandi. Þeir sem bregða búi vilja ógjarnan selja jarðir sínar svo það verður lítið um endurnýjun og með hverjum bónda sem hættir eykst álagið á þá sem eftir eru, t.d. við göngur. Svo er staða sauðfjársjúkurnir yfirleitt ekkert sérlega spennandi fyrir ungt og dugandi fólk.

Til að heilsársbyggð haldist í Árneshreppi þarf a.m.k. tvennt að koma til:

- 1) Vel launuð atvinnutækifæri.

Þær virkjanaframkvæmdir sem standa fyrir dyrum munu ekki skapa störf til langs tíma. Það þarf að koma upp einhverskonar starfsemi á sæmilega stórum skala. Með virkjanaframkvæmdum kemur væntanlega þriggja fasa rafmagn og ljósleiðari í byggðina. Það gæti skapað forsendur fyrir starfsemi, t.d. á sviði gagnavera, landeldis eða annars.

- 2) Samgöngur þurfa að batna.

Á samgönguáætlun er áætlað að fara í endurbætur á Veiðileysuhálsi á árunum 2023-4. Þegar samgönguráðherra kom í heimsókn í Árneshrepp nú á dögunum var þess vænst að hann flytti fréttir af samgöngubótum en hann sagði ekki annað en að samgönguáætlun yrði endurskoðuð næsta vetur.